



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir veitingastað; kaffihús (Kaffi Holt) að Kirkjustétt 4, F2365902, rými 01 0104.

Nafn leyfishafa: Maya ehf.

Heimilisfang: Lyngmóar 6

Póstnúmer: 210

Kennitala: 620425-0600

Útgáfudagur leyfis: 5. júní 2025

Gildir til: 5. júní 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. júní 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir kaffihúsið Kaffi Holt að Kirkjustétt 4.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir veitingastað; tegund kaffihús, Kaffi Holt að Kirkjustétt 4 þann 6. maí sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi veitingastaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 3. júní 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Maya ehf., kt. 620425-0600.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar kaffihúss að Kirkjustétt 4.

Umsókn Maya ehf., kt. 620425-0660, dags. 3. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1834. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 5. júní 2025, um starfsleyfi fyrir veitingað; kaffihús (Kaffi Holt) að Kirkjustétt 4, F2365902, rými 020104. Eigendaskipti. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði.